



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 24. maí 2017

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál.**

Með rafbréfi, dags. 16. maí 2017, óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir athugasemdum Landgræðslu ríkisins um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Óskað var ábendinga fyrir 2. júní nk.

Landgræðsla ríkisins starfar eftir lögum um landgræðslu nr. 17/1965. Þá fer stofnunin með umsjón málefna tengdum vörnum gegn landbroti í samræmi við lög þess efnis nr. 91/2002. Samkvæmt lögum þessum fer Landgræðsla ríkisins með víðtækt hlutverk á sviði jarðvegsverndar og varna gegn landbroti. Umsögn stofnunarinnar skrifuð í því ljósi.

#### **I.**

Ljóst má vera að skipulag hafsvæða er að mestu utan þeirra verkefna sem Landgræðsla ríkisins vinnur að en öðru máli gegnir um strandsvæði. Stofnunin hefur áratugum saman unnið að landgræðslu á strandsvæðum landsins, ekki síst á víðfemum sandströndum Suðurlands.


Þó vissulega sé sjaldnast unnið að landgræðslutengdum verkefnum alveg niður í sjávarborð er víða unnið að vörnum eins nálægt flæðamáli og mögulegt þykir. Má í þessu sambandi sem dæmi nefna Vík í Mýrdal og Þorlákshöfn. Það má ljóst vera að ýmis starfsemi og framkvæmdir á strandsvæðum geta haft í för með sér rask, fok á sandi og öðrum jarðefnum og þar með aukið hættu gróður- og jarðvegseyðingu.

Um leið og Landgræðsla ríkisins fagnar því að stefnt sé að því að setja heildstætt regluverk um þennan málaflokk bendir hún á að það skortir á að gert sé ráð fyrir aðkomu hennar þegar að skipulagi haf- og strandsvæða kemur.

Stofnunin leggur til, í ljósi ofangreinds, að henni verði bætt inn í upptalningu 6. gr. frumvarpsins og teljast þar með til þeirra fagstofnana sem fara með málaflokka er varða nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum og þannig verði hún svæðisráðum og Skipulagsstofnun til ráðgjafar um atriði er undir lögin heyra. Þó ljóst sé að upptalning síðasta málsliðar greinarinnar á fagstofnunum sé ekki tæmandi, sbr. orðalagið *m.a.*, er bæði rétt og eðlilegt að þar séu upp taldar þær stofnanir sem alltaf og skilyrðislaust ættu að hafa eitthvað um málið að segja.

Að öðru leyti hefur Landgræðsla ríkisins ekki ábendingar eða athugasemdir fram að færa vegna fyrirliggjandi frumvarps.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landgræðslu ríkisins

A handwritten signature in black ink, reading "Birkir Snær Fannarsson". The signature is written in a cursive style with a horizontal line underlining the name.

Birkir Snær Fannarsson